

Stjórnsýsluúttekt á Umhverfisstofnun

Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á starfsemi Umhverfisstofnunar liggur nú fyrir eftir langt og strangt vinnuferli. Í henni koma fram ýmsar gagnlegar ábendingar um starfsmannamál og vinnuferli. Strax þegar drög lágu fyrir var ráðist í gerð verkþókhalds og vinna er hafin varðandi aðrar ábendingar.

Forstjóri Umhverfisstofnunar vill samt sem áður gera verulegar athugasemdir við aðferðir og framkvæmd úttektarinnar. Skýrslan geldur þess að í hana skortir kafla um aðferðarfræði þ.e. hvernig úttektin var framkvæmd og hvaða gögn voru lögð til grundvallar. Fyrir vikið er erfitt að greina milli staðreynda og huglægra atriða. Ennfremur eru þess dæmi að tilvitnanir séu ekki rétt eftir hafðar þrátt fyrir óskir um leiðréttingar. Þá lýsir forstjóri Umhverfisstofnunar sig ósammála niðurstöðum Ríkisendurskoðunar varðandi forgangsroð, faglegan ávinning og kaflanum um samskipti við umhverfisráðuneytið. Hann deilir heldur ekki þeirri sýn Ríkisendurskoðunar að breytt skipulag án aukinna fjármuna og mannafla muni gera stofnuninni betur kleift svo neinu nemi að sinna þeim verkum sem henni eru falin. Loks telur hann ályktanir um sparnað vegna flutnings starfsemi frá Akureyri til Reykjavíkur mjög vafasamar.

Umhverfisstofnun var myndað með lögum nr. 90/2002 og hóf starfsemi sína hinn 1. janúar 2003. Þar undir voru sameinaðar þrjár stofnanir: Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og embætti Veiðistjóra auk hreindýraráðs og verkefnum á sviði dýraverndar. Sameiningin var engan veginn óumdeild en gekk ótrúlega snurðulaust fyrir sig, einkanlega vegna vilja starfsmanna til að byggja stofnunina upp.

Fljótlega kom samt í ljós að rekstur stofnunarinnar var afar þungur og stafaði það einkanlega af tvennu:



- Rekstur og uppbygging þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða er mun fjárfrekari en þær fjárveitingar sem stofnunin fær.
- Vinna við innleiðingu og framkvæmd alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir er langt umfram fjárveitingar sem veitt er til þeirra verka.

Hvað fyrri liðinn varðar getur stofnunin að nokkru leyti stýrt framkvæmdum eftir því sem fjármunir koma og auk þess hafa stjórnvöld verið að taka myndarlega á í þeim málaflokki, þó enn sé langt í land.

Verkefni sem Umhverfisstofnun eru falin með framkvæmd umhverfis-, matvæla- og efnahluta samningsins um evrópska efnahagssvæðið eiga sér hins vegar enga hliðstæðu í íslenskri stjórnskipan og rétt er að geta þess að talið er að umhverfisráðuneyti og Umhverfisstofnun sjái um tæplega 40 % af fjölda þeirra gerða sem hafa verið innleiddar í íslenskan rétt.

Myndi 1 sýnir fjölda Evrópugerða á starfssviði stofnunarinnar sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn 1993-2005, Mynd 2 sýnir hins vegar fjölda þeirra reglugerða sem eru í gildi og Umhverfisstofnun kemur að varðandi framkvæmd með einum eða öðrum hætti. Þar sést vel hvernig fjöldinn eykst ár frá ári. Raunar er mjög mismunandi eftir reglugerðum hve mikillar vinnu er krafist af stofnuninni. Í flestum tilvikum er

hún lítil sem engin en í öðrum tilvikum er um að ræða mjög fjárfrekar og kostnaðarsamar skuldbindingar sem safnast upp með auknum fjölda.



Hvorki Umhverfisstofnun eða umhverfissráðuneyti hafa tök á að stjórna umfangi þessara verkefna eða hvernig þau ber að nema að takmörkuðu leyti.

Umhverfisstofnun og umhverfissráðuneyti vinna mjög náið saman. Samstarf sem snýr að faglegum þáttum einkallega varðandi innleiðingu Evrópuerða er mjög virkt getur að mörgu leyti verið öðrum fyrirmynd. Þar sem stofnun og ráðuneyti hefur hins vegar greint á er að þau hafa mismunandi sýn á það hvort verkefni sem hafa verið lögð á stofnunina, og þá sérstaklega í gegnum samninginn um evrópska efnahagssvæðið hafi verið fjármögnuð nægjanlega. Undirritaður telur að það liggja fyrir að þessar skyldur hafa verið verulega vanmetnar og var það meginástæða fyrir beiðni undirritaðs um úttekt Ríkisendurskoðunar. Hann telur enn fremur að á meðan ekki er fundin leið sem tekur mið af þessum veruleika með varanlegum hætti muni vandamálin stöðugt aukast.

Umhverfisstofnun hefur lagt mikið á sig til að standa fjárlög og það hefur tekist með markvissri forgangsriðun og gífurlegu aðhaldi. Slíkt hefur að sjálfsögðu bitnað á

rekstri og svigrúmi til verka. Það var meðvituð ákvörðun að viðhalda umfangi verkefna á fagsviðum eins og frekast var kostur, en skerða í þess stað fjármuni til almenns rekstrar. Þessi þrönga staða hefur á hinn bóginn komið niður á því sem unnt er að gera. Hún er farin að hamla starfi stofnunarinnar og hefur það bitnað á starfsánægju. Raunar er nú svo komið að ekki er unnt að ganga nær rekstrinum en orðið er og leita þarf annarra leiða.

Meginviðfangsefni Ríkisendurskoðunar átti að vera að greina hvort nauðsynlegt fjármagn hafi fylgt auknum verkefnum sem lögð hafa verið á stofnunina. Úttekt Ríkisendurskoðunar beindist hins vegar fyrst og fremst að öðrum atriðum sem öðru fremur voru afleiðing aukin álags og fyrir liggur að með þessu missti hún sjónir á megintilgangi verkefnisins.

Í febrúar 2006 þegar Ríkisendurskoðun tók verkið að sér boðaði ríkisendurskoðandi að lögð yrði fram verkáætlun og að hún yrði kynnt stofnuninni áður en verkið hæfist. Starfsmenn Umhverfisstofnunar lögðu gífurlega vinnu í að leggja Ríkisendurskoðun til öll þau gögn sem óskað var eftir og til viðbótar gögn sem stofnunin taldi að gagni mættu koma. Kafli, undir heitinu Afmörkun verkefnisins birtist í fyrstu drögum skýrslunnar og það var ekki fyrir en þá, þegar allri grunnvinnu var lokið, sem Umhverfisstofnun var upplýst formlega eftir hverju verið var að leita. Eiginleg verkáætlun var aldrei send Umhverfisstofnun.

Fyrstu drög að skýrslunni voru lögð fram hinn 30. júní 2006. Það voru vonbrigði hve hrá drögin voru og hvernig efnistökin voru, einkanlega að tilefni beiðninnar um stjórnsluúttekt, þ.e. umfjöllun um aukin verkefni, voru jafnsett lýsingum á starfsanda og verklagi, atriðum sem mörg hver eru afleidd af miklu álagi. Í drögnum voru enn fremur mjög alvarlegar staðreyndavillur og nærtækari ályktanir en Ríkisendurskoðun dró voru auðsæjar þegar búið var að leiðrétta þær. Það kemur undirrituðum því verulega á óvart að eftir leiðréttingarnar eru þær niðurstöður og tillögur Ríkisendurskoðunar sem birtar eru í skýrslunni lítt breyttar frá því sem fram kom í fyrstu drögum hennar þar sem byggt var á alvarlegum staðreyndavillum og röngu mati á fjárhagsstöðu stofnunarinnar

Davíð Egilson

Fréttatilkynning, 11. október 2006
Umhverfisstofnun